

1914

Fimmtudaginn 26. nóvember 1992.

Nr. 391/1989. **Þorvaldur Ari Arason**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

dómsmálaráðherra,

fjármálaráðherra f.h. rikissjóðs og

rikissaksóknara

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Húsleit. Miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Hjörtur Torfason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1989. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða skaðabætur, að fjárhæð 1.000.000 króna, með ársvöxtum þannig: 45,6% frá 1. apríl 1988 til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi og til stefnubirtingardags og síðan hæstu lögleyfða dráttarvexti frá þeim degi til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1978 og að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. júní 1989. Hann krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms er hann staðfestur.

Málskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Mál þetta varðar húsleit í híbýlum áfrýjanda, sem til var stofnað af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins að tilhlutan ríkissaksóknara og tilmælum skiptaráðanda í Reykjavík vegna ábendingar til hins síðastnefnda frá ónafngreindum aðilum. Tilefni leitarinnar var grunur um refsivert undanskot bókaeignar við gjaldþrotaskipti á búi annars manns, sem þá stóðu yfir, og svo hitt, að áfrýjandi hafði látið birta í Morgunblaðinu auglýsingu þess efnis, að haldinn yrði bókamarkaður í þessum híbýlum, þar sem til sölu yrði stórt einkabókasafn með ýmsum fágætum bókum, þann dag og næstu daga. Leit þessi fór fram á þeim tíma, er áfrýjandi hafði auglýst til opunar á markaðnum, og stóð nærfellt eina klukkustund. Var hús-næðið haft lokað á meðan og nokkrum mönnum varnað inngöngu. Í ljós kom, að engar bækur var þarna að finna úr eigu umrædds þrotamanns, og voru það bækur áfrýjanda sjálfs, sem hann hugðist hafa til sölu. Reyndist hann saklaus af tengslum við þrotamanninn eða gjaldþrotamál hans. Jafnframt varð áfrýjanda ekki gefið að sök, að til leitarinnar kom, þótt auglýsing hans hafi ekki verið birt undir nafni.

Á það má fallast með stefndu, að rannsóknarlögreglunni hafi verið rétt að bregða skjótt við og tryggja sér lögmælt heimild dómara til leitar af fyrrgreindu tilefni. Verður áfrýjanda ekki viður-kenndur bótaréttur fyrir þá sök, að skilyrði hafi brostið til úrskurðar þess, sem upp var kveðinn um heimildina í sakadómi. Á hinn bóginn var það undir atvikum komið, hver nauðsyn væri að beita heimildinni, meðal annars þar sem áfrýjandi var að opna aðgang að því, sem skoða átti. Jafnframt mátti vera ljóst, eins og aðstæðum var háttað, að misheppnuð leit gæti orðið áfrýjanda til hnekkis og vanvirðu, þótt fram væri komið af fullri kurteisi. Eins og að var farið við leitina, verður að líta svo á, að lögreglumönnum hafi mistekist að gæta þess, sem gæta þurfti í þessum efnum, og hafi aðgerðin orðið óþarflega særandi fyrir áfrýjanda. Í því sambandi skiptir ekki máli, hvort áfrýjandi bauð þeim sjálfur að leita á annarri hæð hússins, þar sem samþykki hans orkaði ekki til annars en rýmkunar á þeirri heimild dómara, sem þegar lá fyrir varðandi fyrstu hæð.

Í málinu gerir áfrýjandi kröfu um bætur fyrir miska, sem hann hafi orðið fyrir vegna húsleitarinnar, en telur ekki til fjártjóns. Þegar rannsóknarlögreglan bað um leitarheimild sína, virðist þess ekki hafa verið getið, hver stæði fyrir umræddum bókamarkaði eða réði húsum á staðnum, en ljóst mátti vera, að áfrýjandi ætti þar hlut að máli. Í beiðninni var ótvírætt miðað við, að forstöðumaður eða húsráðandi gæti átt þátt í refsiverðum verknaði auk þrotamannsins sjálfs, enda var úrskurður dómarsins meðal annars orðaður svo í samræmi við hana, að heimilt yrði að handtaka þrotamanninn og aðra þá, er finnast kynnu á staðnum og tengdir væru ætluðum brotum hans. Hin umbeðna aðgerð var og sjálf til þess fallin að varpa grun á áfrýjanda í augum ókunnugra, eins og framkvæmdin varð. Vegna þessa verður að álykta, að áfrýjandi geti reist bótarétt á ákvæðum 2. tl. 151. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Að öllu athuguðu tel ég úrslit málsins eiga að vera þau, að honum verði dæmdar miskabætur úr ríkissjóði, að fjárhæð 120.000 krónur, ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. september sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 27. september 1988, af Þorvaldi Ara Arasyni hrl., kt. 110528-4779, Freyjugötu 27, Reykjavík, gegn dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og ríkissaksóknara.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 1.000.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

— — —

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins úr hendi stefnanda. Til vara er krafist stórfelldrar lækkunar stefnukrafna og að málskostnaður verði felldur niður í því tilviki.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi lýsir málavöxtum þannig, að 28. mars 1988 hafi verið gerð húsleit hjá stefnanda á lögmannsstofu hans og heimili að Freyjugötu 27, Reykjavík, á grundvelli úrskurðar sakadóms Reykjavíkur, upp kveðnum sama dag. Forsendur úrskurðarins hafi verið þær, að skiptaréttur Reykja-

víkur og Rannsóknarlögregla ríkisins hefðu „fengið ábendingar um, að kærði Sigurður ætlaði að selja fágætar og verðmætar bækur úr heildstæðu safni bóka. Felist ábendingarnar m. a. í því, að bækurnar muni verða til sölu á bókamarkaði, sem auglýstur hefur verið, en hann á einmitt að halda að Freyjugötu 27, 1. hæð, hér í borg“.

Sigurður sá, sem nefndur er kærður, muni vera Sigurður Kristján Guðmundur Sigurðsson, en bú hans sé til gjaldprotamedferðar í skiptarétti Reykjavíkur.

Þetta hafi verið allt og sumt, sem húsleitarkrafan og úrskurðurinn byggðist á, ábending einhvers óþekktis aðila, sem hvergi hafi fengist staðfesting á, að raunverulega sé til.

Þá hafi falist í úrskurði sakadóms Reykjavíkur heimild til handa Rannsóknarlögreglu ríkisins að handtaka m. a. stefnanda, ef því væri að skipta.

Stefnandi hafi að sjálfsögðu ekki verið að auglýsa bækur þessa Sigurðar, heldur hafi hann verið að selja eigin bækur, eins og strax hafi komið í ljós, þegar húsleitinn var gerð, sem þó hafi orðið viðtækari en úrskurðurinn heimilaði, því að einnig hafi verið leitað í íbúð stefnanda á 2. hæð í sama húsi án heimildar hans.

Húsleitinn hafi orðið þess valdandi, að stefnandi hætti við sölu bókana, þar sem væntanlegir kaupendur, sem þegar hafi verið komnir á staðinn, hurfu frá, þegar Rannsóknarlögregla ríkisins meinaði þeim aðgang á auglýstum opnunartíma.

Stefnandi hafi krafist ríkissjóð um bætur, að fjárhæð 1.000.000 kr., með bréfi, dags. 19. maí 1988. Svar hafi borist frá ríkislögmanni með bréfi, dags. 2. júní 1988, þar sem bótaábyrgð hafi verið hafnað án rökstuðnings.

Krafa stefnanda sé miskabótakrafa fyrir þann miska og óþægindi, sem hann hafi orðið fyrir við húsleitina á lögmannsstofu sinni og heimili.

Ljóst sé, að hér hafi orðið hrapalleg mistök hjá ákærvaldinu, Rannsóknarlögreglu ríkisins og sakadómi Reykjavíkur. Efnislegum grundvelli fyrir þessari aðför að stefnanda, skrifstofu hans og heimili hafi alls ekki verið til að dreifa. Stefndu hafi á engan hátt reynt að réttlæta aðförina, og telji stefnandi, að hér hafi einhver óútskýrð óskhyggja ráðið ferðinni. Hið alvarlegasta sé þó, að sakadómur Reykjavíkur skyldi kveða upp slíkan húsleitarrúskurð á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir lágu, og gefi hér raunar mjög alvarlegt og hættulegt fordæmi, sem nauðsynlegt sé að bregðast við á réttan hátt.

Bótaábyrgð stefndu í máli þessu sé ótvíræð, sbr. 149. gr. og 151. gr. laga nr. 74/1974, enda telji stefnandi, að hér hafi verið um óþarflega móðgandi og særandi aðgerð að ræða og með öllu óþarfa. Stefnandi hafi engu haft að leynd. Hann hafi auglýst bækurnar til sýnis og sölu á tiltekn-

um tíma og því handhægt fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins að sannfæra sig um, að hér væru ekki bækur „kærða Sigurðar“ til sölu.

Við munnlegan málflutning lýsti lögmaður stefnanda því, að aðallega væri bótakrafa stefnanda reist á 151. gr. laga nr. 74/1974, en til vara á 149. gr. sömu laga.

Stefnandi hafi gjafsókn í máli þessu samkvæmt 154. gr. laga nr. 74/1974, og beri því að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar, hvernig sem málið fari að öðru leyti.

Af hálfu stefndu er málavöxtum svo lýst, að 28. mars 1988 kl. 17.00-18.00 hafi farið fram húsleit á fyrstu hæð hússins að Freyjugötu 27 í Reykjavík. Hafi hún farið fram á grundvelli úrskurðar sakadóms Reykjavíkur, sem upp hafi verið kveðinn sama dag. Leita hafi átt að bókum úr bókasafni Sigurðar K. G. Sigurðssonar vegna ætlaðs undanskots eigna í tengslum við gjaldþrotameðferð á búi hans. Í úrskurði sakadóms hafi einnig verið að finna heimild til að handtaka Sigurð.

Forsenda úrskurðarins hafi verið ábending til skiptaráðandans í Reykjavík um, að áðurnefndur Sigurður hafi haft uppi fyrirætlanir um sölu verðmætra bóka. Muni þær m. a. verða „til sölu að Freyjugötu 27, fyrstu hæð, hér í borg“, eins og segi í úrskurði sakadóms Reykjavíkur. Eftir að lögreglumenn komu á staðinn og höfðu gert grein fyrir erindi sínu, hefði farið fram leit í samræmi við úrskurð sakadóms. Meðan sú leit stóð yfir, hefði stefnandi boðið lögreglumönnum að leita einnig á annarri hæð hússins, sem er íbúð hans. Það hefði verið gert lauslega og án árangurs. Hefðu lögreglumennirnir síðan horfið af staðnum um kl. 18.00, þegar ljóst þótti, að ábendingin hafði ekki reynst rétt.

Ljóst sé, að allnokkurrar ónákvæmni gæti í atvikalýsingu í málatilbúnaði stefnanda. Sú fullyrðing fái þannig ekki staðist, að leitað hafi verið í íbúð stefnanda á annarri hæð án heimildar hans. Fullt samþykki stefnanda hafi legið fyrir. Sú lauslega athugun, sem fram hafi farið á annarri hæð hússins, hafi því farið fram samkvæmt boði stefnanda, en ekki á grundvelli úrskurðar sakadóms, sem einungis hafi tekið til fyrstu hæðar.

Sú staðhæfing, sem fram komi í greinargerð stefnanda, fái ekki heldur staðist, að lögreglumenn hafi vísað frá hópi væntanlegra kaupenda á bókum stefnanda, sem komnir hafi verið á staðinn kl. 17.00, er bóka- markaðurinn skyldi hefjast. Svo sem fram komi í málsskjölum, hafi aðeins örfáir aðilar drepíð á útidyr þann tíma, er lögreglumennirnir stöldruðu við. Óeinkennisklæddir lögreglumennirnir hafi sagt þessum aðilum, að opnun bókamarkaðarins tefðist stutta stund. Hafi því ekki verið um það að ræða, að hópi manna hafi verið vísað frá, sem „ekki hafi litist á blikuna, þegar Rannsóknarlögregla ríkisins var mætt á staðnum með húsleitarúrskurð“. Af gögnum málsins megi ætla, að þessum

aðilum hafi ekki einu sinni verið kunnugt um, að lögreglumenn væru þar á ferð.

Um ástæður fyrir þeirri húsleit, sem sé tilefni málsóknar stefnanda, vísist fyrst og fremst til skýrslu skiptaráðandans í Reykjavík.

Eins og fram komi í bréfi skiptaráðanda, hafi honum borist ábending frá einstaklingi, sem eigi verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við útkomu úr skiptum á nefndu þrotabúi. Skiptaráðandi segi, að þessi einstaklingur hafi áður reynst góð heimild við könnun á afdrifum eigna, sem skotið hafi verið undan skiptum á þrotabúi. Á það skuli lögð áhersla, sem fram komi í bréfi skiptaráðanda, að hann telji heimildarmann sinn í þessu tilviki mjög áreiðanlegan.

Í niðurlagi bréfs skiptaráðanda komi fram, að honum sé óhægt um vik að nafngreina heimildarmann, þegar um sé að ræða atvik eins og þetta. Megi augljóst vera, að því fylgi ríkir almennir hagsmunir, að menn geti beint til skiptaréttar ábendingum um, hvar eignir úr þrotabúum sé að finna, og að heimildarmenn geti treyst því, að nafni þeirra sjálfra verði haldið leyndu. Verði því að telja slíkar rannsóknaraðferðir fyllilega heimilar og lögmætar. Alveg sérstök áhersla skuli lögð á það, að í þessu sérstaka tilviki hafi dómari talið heimildarmann sinn mjög áreiðanlegan.

Í ljósi þessa megi ljóst vera, að fullt tilefni hafi verið til þeirrar húsleitar, sem hér var gerð. Lögmæt skilyrði fyrir leit skv. 7. kafla laga nr. 74/1974 hafi því verið fyrir hendi. Samkvæmt 2. mgr. 48. gr. megi gera leit hjá öðrum mönnum en sökuðum, ef gildar ástæður séu til að ætla, að hjá þeim finnist munir, sem hald beri að leggja á. Hér hafi vissulega verið gildar ástæður til aðgerða.

Með sama hætti hafi lögmæt skilyrði verið fyrir hendi, að því er varði 49. gr. laga nr. 74/1974. Heimild til handtöku skv. úrskurði sakadóms hafi verið bundin við Sigurð K. G. Sigurðsson og þá, sem tengdust ætluðu broti hans. Því hafi mátt handtaka, auk Sigurðar, hlutdeildarmenn hans, ef einhverjir slíkir væru. Það sé misskilningur hjá stefnanda, sem fram komi í stefnu, að í úrskurði sakadóms hafi falist heimild til að „handtaka m. a. stefnanda, ef því var að skipta“. Gögn málsins renni ekki stoðum undir þann skilning.

Eins og áður greini, verði að telja, að ekkert liggi fyrir í gögnum málsins, er renni stoðum undir, að stefnandi hafi verið grunaður um hlutdeild í ætluðu undanskoti Sigurðar K. G. Sigurðssonar á eignum. Af þeirri ástæðu verði ekki talið, að 18. kafli laga nr. 74/1974 eigi hér við. Af þeirri ástæðu sýnist fyrst og fremst 149. gr. nefndra laga koma til skoðunar. Hún fjalli um leit hjá þriðja manni, sem fram fari í þágu rannsóknar opinbers máls.

Samkvæmt nefndri lagagrein eigi slíkur aðili kröfu til bóta fyrir miska, ef aðgerðir þessar hafi farið fram á óþarflega móðgandi eða særandi hátt.

Engu slíku sé hér til að dreifa. Telja verði, að fyrirbyggjandi lögregluskýrslur í málinu taki af öll tvímæli um það, að þessi aðgerð fór fram af eins mikilli tillitssemi og nærgætni og kostur var. Ekkert komi fram í málatilbúnaði stefnanda, sem renni stöðum undir hið gagnstæða.

Verði hins vegar komist að þeirri niðurstöðu, að ákvæði 18. kafla eigi að koma hér til skoðunar, verði að telja, að niðurstaðan verði hin sama. Skilyrðum 150. gr., sbr. 151. gr. laganna, sé ekki fullnægt, svo að dæma megi bætur. Bæði sé um það að ræða, að lögmæt skilyrði voru til margnefndra aðgerða, svo og hitt, að nægilegt tilefni var til þeirra. Ráði það engum úrslitum, þótt ábending heimildarmanns skiptaráðanda hafi ekki reynst rétt, þegar upp var staðið. Áður sé nefnt, að því hafi farið fjarri, að aðgerðirnar hafi verið „framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt“, sbr. orðalag 151. gr.

Sýknukrafa stefndu er jafnframt studd þeim rökum, að stefnandi hafi ekkert tjón beðið vegna umræddra aðgerða. Augljóst sé, að fjártjón hafi hann ekki beðið. Hið sama gildi um miska. Með engu móti sé hægt að halda því fram með réttu, að hann hafi beðið miska vegna þessa atviks.

Því sé sérstaklega mótmælt, að stefnandi eigi lögbundna gjafsókn í því tilviki, að ákvæði 18. kafla laga nr. 74/1974 verði ekki talin eiga við.

Niðurstaða.

EKKI liggur fyrir, er úrskurður sakadóms Reykjavíkur var upp kveðinn, að vitað hafi verið, á hvers vegum umræddur bókamarkaður yrði haldinn. Þá þykir ekkert í nefndum úrskurði eða í gögnum þessa máls gefa vísbendingu um, að grunsemdir hafi beinst að stefnanda, Þorvaldi Ara Arasyni hrl., fyrir meint refsivert athæfi eða að rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins hafi beinst að honum sem sökuðum manni.

Verður því með vísan til framanritaðs ekki fallist á, að stefnandi geti reist miskabótakröfu sína á 151. gr. laga nr. 74/1974, sem fjallar um bætur til handa sökuðum mönnum.

Til vara reisir stefnandi miskabótakröfu sína á 149. gr. laga nr. 74/1974. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að hér hafi verið um óþarflega móðgandi og særandi aðgerð að ræða og með öllu óþarfa. Þá er því og haldið fram, að leitað hafi verið á 2. hæð hússins að Freyjugötu 27, Reykjavík, án heimildar stefnanda.

Upplýst er, að lögmæt heimild lá fyrir til leitar í húsnæði stefnanda á 1. hæð, sbr. 51. gr. laga nr. 74/1974. Um leit á annarri hæð hefur stefnandi skýrt svo frá, að þegar honum hafi verið sagt, að leita þyrfti á annarri hæð, hafi hann mótmælt og sagt, að þeir hefðu ekki úrskurð. Hafi Jón Snorrason, deildarstjóri hjá RLR, þá sagt, að ef stefnandi neitaði leit, þá biði einhver hópur lögreglumanna, þar til nýr úrskurður yrði kveðinn upp

fyrir heimild til leitar á annarri hæð. Hafi stefnandi þá fallist á að heimila leit eftir ógnun um, að nýr úrskurður yrði upp kveðinn. Þegar virtur er framburður Jóns Snorrasonar og Ragnars Halldórs Hall borgarfógeta svo og annarra, verður að telja í ljós leitt, að stefnandi hafi boðið rannsóknarlögreglumönnum að leita á annarri hæð hússins. Fullyrðingar stefnanda um, að sér hafi verið ógnað í þessu sambandi, eru ósannaðar.

Þótt leit rannsóknarlögreglumanna í húsnæði stefnanda hafi ekki borið árangur, þykir það ekki eitt sér vera grundvöllur miskabóta skv. 149. gr. laga nr. 74/1974, og kemur þá til athugunar, hvort aðgerðir rannsóknarlögreglumanna hafi farið fram á óþarflega móðgandi eða særandi hátt, sbr. áður nefnda 149. gr.

Spurður um það fyrir dómi, hvort framkoma rannsóknarlögreglumanna hefði verið óaðfinnanleg, svaraði stefnandi því til, að svo hefði verið nema þessar ógnanir um frekari úrskurði og áður hefur verið fjallað um, auk ágreinings, er risið hefði milli sín og rannsóknarlögreglumanna um þá, sem komnir hafi verið á staðinn til þess að kaupa bækur. Fullyrðir stefnandi, að hann hafi óskað eftir því að fá að afgreiða þá, en þeim hafi verið vísað út.

Þegar virtur er framburður þeirra fjögurra rannsóknarlögreglumanna, sem vitni hafa borið, þeirra Harðar Jóhannessonar lögreglufulltrúa, Egils Bjarnasonar lögreglufulltrúa og Gunnlaugs Sigurðssonar svo og Jóns H. Snorrasonar, og með tilliti til þess, að af hálfu stefnanda hafa engin vitni verið leidd fyrir dóminn til þess að bera um þessa fullyrðingu hans, verður að telja þessa fullyrðingu stefnanda ósannaða, og má telja í ljós leitt, að enginn væntanlegur kaupandi hafi verið fyrir á staðnum, er rannsóknarlögreglumenn bar að, eða verið viðstaddur, er úrskurður til húsleitar var lesinn upp fyrir stefnanda.

Þegar litið er til þess, sem fram hefur komið í málinu, framburðar stefnanda svo og annarra, er skýrslu hafa gefið fyrir dómi, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að húsleit, er fram fór 28. mars 1988 að Freyjugötu 27, Reykjavík, hafi farið fram með þeim hætti, að bótaskyld sé skv. 149. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Ekki er fallist á, að stefnandi hafi gjafsókn skv. 154. gr. laga nr. 74/1974. Eftir atvikum þykir rétt, að aðilar beri hver sinn kostnað af máli þessu.

Kristjana Jónsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og ríkissaksóknari, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Þorvalds Ara Arasonar hrl.

Málskostnaður fellur niður.